

Miðvikudaginn 8. október 1980.

Nr. 45/1980. **Ákærvaldið**  
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
 gegn  
**Jóni Bergmann Ingimagnssyni**  
 (Agnar Gústafsson hrl.).

**Bifreið. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði.**

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða, en einnig til þyngingar af hálfu ákærvalds. Við munnlegan flutning málsins var krafist þyngingar á refsingu ákærða, en staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 100.000 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að vitni voru ekki látin staðfesta framburði sína. Þá var óhæfilegur dráttur á rannsókn málsins og birtingu héraðsdóms, sem kveðinn var upp 12. september 1978, en eigi birtur fyrr en 13. júní 1979.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Bergmann Ingimagnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Kópavogs 12. september 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. ágúst sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru ríkissaksóknara, dags. 14. desember 1977, „á hendur Jóni Bergmann Ingimagnssyni bifreiðarstjóra, Löngubrekku 21 í Kópavogi, fæddum 4. október 1939, fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 27. ágúst 1977 ekið bifreiðinni Y 108 austur Skúlagötu í Reykjavík með allt að 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.“

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar í Reykjavík voru lögreglumennirnir Jóhann Magnússon (nr. 221), Þór Gunnlaugsson (nr. 50) og Júlíus Jens Ármann (nr. 166) staddir á Ingólfsгарði við gatnamót Skúlagötu í eftirliti á lögreglubifreiðinni R 20025 laugardaginn 27. ágúst f. á., kl. 0033, er þeir veittu athygli leigubifreiðinni Y 108, sem er Rambler Matador, þar sem henni var ekið á mikilli ferð af Kalkofnsvegi og austur Skúlagötu. Þeir veittu bifreiðinni þegar eftirför og mældu hraða hennar með jöfnu bili milli ökutækjanna frá gatnamótum Klapparstígs og að gatnamótum Barónsstígs. Sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar mestan hraða 110 km miðað við klukkustund. Þeir stöðvuðu akstur bifreiðarinnar í Borgartúni skammt austan við Skúlatorg og höfðu tal af öikumanni hennar, sem reyndist vera ákærði í máli þessu.

Lögreglumennirnir kváðu ákærða ekki hafa mótmælt broti sínu og höfðu eftir honum, að hann hefði ekki gert sér grein fyrir hraða bifreiðar sinnar. Þá hafi hann sagt, að hann væri í leiguakstri og tveir farþegar væru í aftursæti bifreiðarinnar. Að loknu viðtali var ákærða leyft að fara leiðar sinnar.

Vitnið Þór Gunnlaugsson lögreglumaður skýrði svo frá fyrir dómi, að umrætt sinn hafi það verið bifreiðarstjóri lögreglubifreiðarinnar. Er lögreglubifreiðin var stödd á Ingólfsгарði á

leið að Skúlagötu frá hafnargarðinum, veitti vitnið athygli brúnni amerískri fólksbifreið, þar sem henni var ekið mjög hratt af Kalkofnsvegi og austur Skúlagötu, en þarna væri nokkuð kröpp beygja. Vitnið hóf strax eftirför, en kveikti ekki á ljósmerkjum, fyrr en lögreglubifreiðin var komin að hámarks hraða, sem var fljótlega eftir að á Skúlagötu var komið. Síðan var haft jafnt bil á milli lögreglubifreiðarinnar og bifreiðar ákærða, og fylgd-ist vitnið með hraðamælinum. Sýndi hann mestan hraða 110 km miðað við klukkustund. Ekki mundi vitnið, hve langt eftir Skúlagötu það þurfti að aka, áður en því tókst að halda jöfnu bili á milli bifreiðanna. Ekki tókst að stöðva bifreið ákærða fyrr en í Borgartúni austan við Skúlatorg. Ekki minntist vitnið, að aðrar bifreiðar hefðu verið á ferð umrætt sinn. Þá minntist það ekki þess, að ákærði hefði mótmælt hraðmælingunni, enda hefði verið getið um það í frumskýrslu, ef svo hefur verið. Þá minntist það ekki að hafa sagt við ákærða, að hann hefði ekið á 120 km hraða, en það á 115 km hraða miðað við klukkustund. Vitnið mundi ekki til þess, að ákærði hefði gefið upp ákveðinn hraða, enda hefði þess þá verið getið í lögregluskýrslu.

Vitnið Júlíus Jens Ármann lögreglumaður skýrði svo frá fyrir dómi, að umrætt sinn hafi það setið hægra megin í lögreglubifreiðinni. Það sá til ferða bifreiðar ákærða, þar sem henni var ekið af Kalkofnsvegi og austur Skúlagötu og hafi ferð bifreiðarinnar verið mikil í beygjunni. Ekki mundi vitnið, hvenær náðist að hafa jafnt bil á milli ökutækjanna, og mundi ekki eftir, hvað hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýndi mestan hraða, en minnti þó, að hann hefði verið fyrir ofan 100 km hraða miðað við klst. Ekki mundi vitnið eftir orðviðræðum við ákærða á vettvangi, en mundi þó ekki betur en ákærði hefði ekki mótmælt uppgefn-um hraða, eða 110 km miðað við klst.

Vitnið Jóhann Magnússon lögregluþjónn skýrði svo frá fyrir rétti, að umrætt sinn hafi það setið fyrir aftan framsætið í lögreglubifreiðinni og fylgst þaðan með hraðamæli bifreiðarinnar. Þegar vitnið sá bifreið ákærða, var hún stödd á Skúlagötu, en lögreglubifreiðin ók þá sem leið liggur frá varðskipabryggjunni. Eftirförin hófst við Útvarpshúsið og lauk ekki fyrr en austan við Skúlatorg. Jafnt bil var haft á milli ökutækjanna nokkuð langan spöl, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar meira en 110 km hraða miðað við klst. Engin umferð var.

Vitnið mundi eftir því, að ákærði hafi ekki mótmælt hrað-anum á vettvangi, en lýst því yfir, að honum hafi fundist hann

ótrúlegur, en hann hafi ekki litið á hraðamælinn, meðan á eftirförlinni stóð.

Ekki minntist vitnið þess, að lögreglumennirnir hefðu sagt við ákærða, að hann hefði ekið á 120 km hraða, en þeir á 115 km hraða.

Ákærði skýrði svo frá fyrir rétti, að hann hafi ekið eftir Skúlagötu skömmu eftir miðnætti aðfaranótt laugardagsins 27. ágúst f. á., eða um kl. 0030. Skömmu áður fór hann frá Borgarbilastöðinni og var á leið til Klúbbsins með tvo farþega, sem voru stúlkur. Ákærði vissi ekki nöfn þeirra, en þekkti þær í sjón. Ekki tókst honum að hafa upp á þeim þrátt fyrir tilraun til þess. Þá kvaðst hann hafa spurt lögreglumennina, er þeir stöðvuðu hann, hvort þeir vildu fá nöfn farþeganna, en þeir hafi ekki talið þörf á því.

Ákærði kvaðst hafa fylgst með hraðamæli bifreiðar sinnar, er hann ók eftir Skúlagötu að Skúlatorgi, og var þess fullviss, að hraðinn hafi ekki verið meiri en 70 km miðað við klst. og hann hafi ekið á 60 til 70 km hraða.

Hann kvaðst fyrst hafa orðið var við lögreglubifreiðina á eftir sér, er hann ók inn í Skúlatorg og sá þá blikkandi aðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar í baksýnisspegli bifreiðar sinnar. Hljóðmerki heyrði hann ekki. Ákærði stöðvaði bifreið sína í innri hring torgsins við Borgartún til þess að hleypa lögreglubifreiðinni fram hjá austur Borgartún, þar sem honum hafi ekki dottið í hug, að þeir þyrftu að hafa tal af honum, en honum hafi hins vegar verið bent á að leggja bifreiðinni skammt austan við torgið. Lögreglumennirnir höfðu tal af ákærða og sögðu, að hann hefði ekið nokkuð greitt. Síðan sögðu þeir, að hann hefði ekið á 120 km hraða, en þeir á 115 km hraða. Ákærði kvaðst hafa mótmælt þessu strax og sagt, að hann hefði ekið í mesta lagi á 70 km hraða.

Ákærði tók fram, að hann hefði enga bifreið séð í baksýnisspegli bifreiðar sinnar, er hann var staddur við Skúlaskála, en þaðan og að torginu voru líklega um 250 m, en vegalengdin frá Ingólfsstræti og að Barónsstíg væri líklega um 500 m.

Ákærða var gefinn kostur á að ljúka framangreindu máli með dómssátt um greiðslu sektar, sakarkostnaðar og sæta sviptingu ökuréttinda í hæfilegan tíma, en hann hafnaði því og óskaði eftir að halda uppi vörnum í málinu, er voru fluttar skriflegar.

Skipaður verjandi ákærða gerir þær dómkröfur, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og hæfileg máls-

varnarlaun að mati dómsins verði dæmd honum. Verjandinn telur, að ekki sé upplýst og sannað, að ákærði hafi ekið með ólöglegum hraða umrætt sinn og þótt lögreglubifreiðin hafi í eftirförinni ekið með yfir 100 km hraða, sanni það ekki, að ákærði hafi ekið með þeim hraða.

Síðan segir svo í vörninni:

„Fjarlægðin frá þeim stað, þar sem eftirförin hefst á mótum Ingólfsgarðs og Skúlagötu og inn að Skúlatorgi, er ekki slík, að hún geti skorið úr því á óyggjandi hátt, hver hraðinn var á bifreið umbj. m., því að til þess að ná bifreið umbj. m. þurfa lögreglumennirnir að aka inn á gatnamótin, beygja inn á Skúlagötuna og síðan að auka hraðann til þess að ná umbj. m. við Skúlatorg. Hraði lögreglubifreiðarinnar hefur þá að sjálfsögðu verið miklu meiri en hraði umbj. m.

Ég vil benda á það, að ég tel vætti Þórs Gunnlaugssonar ekki áreiðanlegt, sbr. dómabindi Hæstaréttar nr. XLVII, bls. 96—120.

Benda má á það, að umbj. m. getur á engan hátt talizt hættulegur umferðinni. Hann er reyndur bifreiðarstjóri, sem að því er ég bezt veit hefur aldrei valdið tjóni á bifreiðum eða mönnum. Tel ég því ökuleyfissviptingu alls ekki koma til greina, ef svo yrði litið á, þrátt fyrir það, sem ég hef að ofan greint, að hann hafi ekið með ólöglegum hraða.“

Niðurstaða.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglumanna var hraði bifreiðar ákærða mældur með jöfnu bili milli bifreiðar hans og lögreglubifreiðarinnar frá gatnamótum Klapparstígs og að gatnamótum Barónsstígs, og reyndist hraðinn mestur 110 km miðað við klst. Haft var eftir ákærða á vettvangi, að hann hefði ekki mótmælt broti sínu, en fyrir dómi kvaðst hann ekki hafa ekið hraðar en 70 km miðað við klst. Þrír lögreglumenn staðfestu fyrir dómi, að jafnt bil hafi verið haft milli ökutækjanna og hraðinn hafi verið meiri en 100 km miðað við klst.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, telur dómurinn, að ekki sé unnt með fullkominni nákvæmni að ákvarða hraða bifreiðar ákærða, þegar höfð er í huga mælingaraðferð og aðstæður allar við hraðamælinguna í umrætt skipti. Hins vegar þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, Y 108, langt yfir lögleyðan hámarkshraða umrætt sinn, eða á um eða yfir 100 km miðað við klukkustund.

Þykir ákærði með framferði sínu hafa gerst brotlegur við þau lagaákvæði, sem í ákæruskjali greinir.

Á það skal bent, að með lögum nr. 16/1977 hefur 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 verið breytt, og er hámarkshraði nú í þéttbýli 50 km miðað við klst. Þykir þetta ekki haggja framan- greindri niðurstöðu.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1958 09/04 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ökuhraða.  
 1958 17/04 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ökuhraða.  
 1958 16/05 í Reykjavík: Áminning fyrir ökuhraða.  
 1958 11/07 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. laga nr. 26/1958.  
 1958 15/09 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.  
 1958 27/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1959 08/01 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlaga- brot.  
 1959 28/01 í Reykjavík: Áminning fyrir ósæmilegt hátterni.  
 1959 22/06 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.  
 1959 01/08 í Reykjavík: Sátt, 125 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1959 26/08 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1959 des. í Reykjavík: Uppvís að þjófnaði. Ákæru frestað í 3 ár frá 1. febr. 1960.  
 1960 29/02 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 31. gr. og 46. gr. lögreglusamþykktar.  
 1960 16/05 í Reykjavík: Sátt, 350 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1960 19/05 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.  
 1961 01/02 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1961 23/03 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1961 23/03 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1962 24/04 í Reykjavík: Sátt, 10.200 kr. sekt fyrir brot á 19. gr., sbr. 42. gr. áfengislaga.  
 1963 15/01 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ökuhraða.  
 1964 13/03 í Reykjavík: Dómur: Sýknaður af ákæru um meint brot á 18., sbr. 39., og 16., sbr. 41. gr. áfengislaga.  
 1965 21/12 í Reykjavík: Dómur: Varðhald í 60 daga, skilorðs- bundið í 2 ár, fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga.  
 1967 19/05 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga og reglugerð um stöðumæla.  
 1969 27/11 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. um- ferðarlaga.

- 1969 05/12 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.
- 1970 25/02 í Kópavogi: Sátt, 1.975 kr. sekt fyrir brot gegn 4. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 42. gr. áfengislaga nr. 82/1968.
- 1974 18/01 í Kópavogi: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 45. gr., 1. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga.

Þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 mánuð frá birtingu dóms þessa að telja. Er einkum haft í huga, að margar þvergötur liggja að Skúlagötu frá Kalkofnsvegi og að Skúlatorgi, og eru blind horn á sumum gatnamótunum. Vænta mátti ökutækja frá þvergötum þessum og jafnvel gangandi vegfarenda.

Þess skal gætt, að þrátt fyrir ákvæði 178. greinar laga nr. 74/1974 frestar áfrýjun ekki ökuleyfissviptingu, þar sem það er tekið fram í 5. mgr. 81. greinar laga nr. 40/1968, en sérlög ganga fyrir almennum lögum.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 40.000.

Sigurberg Guðjónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Ákærði, Jón Bergmann Ingimagnsson, greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa að telja sviptur öku leyfi í 1 mánuð.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmans, kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.